

Hábrún hf.
Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 10. ágúst 2021
UST202103-131/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 16.06.2021 hjá Hábrún hf.

Þann 16. júní sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Hábrúnar Skutulsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábending voru gerðar í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.5 í starfsleyfi. Rekstaraðili skal hafa til staðar áætlun til að úrgangi, efnun, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt komi til tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar. Slík áætlun lá ekki fyrir við vettvangsheimsókn. Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar var skilað 9. ágúst sl. og er frávikinu því lokað.
2. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa eftir þeim. Skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmið rekstararaðila lágu ekki fyrir við vettvangsheimsókn. Umhverfismarkmiðum var skilað 9. ágúst sl. og er frávikinu því lokað.

Öllum þeim gögnum er vörðuðu framangreind frávik hefur verið skilað síðan vettvangsheimsóknin fór fram, og telst því báðum frávikunum lokið og engra frekari úrbóta er krafist.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur